

# Ársskýrsla Námsgagnasjóðs

skólaárið 2017-2018

Lög um námsgögn voru samþykkt á Alþingi 28. mars 2007. Markmið laganna er að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Í lögnum er kveðið á um stofnun Námsgagnasjóðs og Próunarsjóðs námsgagna, auk þess sem fjallað er um Námsgagnastofnun.

Námsgagnasjóður hefur það hlutverk að leggja grunnskólum til viðbótarfé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn. Með tilkomu sjóðsins hafa grunnskólar aukið svigrúm til námsgagnakaupa til viðbótar við úrval Menntamálastofnunar, áður Námsgagnastofnunar. Grunnskólar fá áfram námsgögn frá Menntamálastofnun.

Fram til ársins 2012 var framlag í Námsgagnasjóð ákveðið í fjárlögum ár hvert. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram í nóvember 2007. Vegna niðurskurðar í ríkisútgjöldum varð mennta- og menningarmálaráðuneytið að skerða framlög til sjóðsins. Í töflunni hér að neðan má sjá framlög til sjóðsins frá árinu 2007.

Ár	Framlag í millj. kr.
2018	59,8
2017	54
2016	54
2015	54
2014	54
2013	40
2012	40
2011	40
2010	60
2009	50
2008	100
2007	100

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður er tilnefndur af Kennarasambandi Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einn stjórnarmaður er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður er skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Í upphafi árs 2012 var skipað í nýja stjórn Námsgagnasjóðs og var skipunartími hennar frá 26. apríl 2012 til 25. apríl 2016. 25. janúar 2017 var skipunartíminn framlengdur til 31. desember 2017. Mennta- og menningarmálaráðherra framlengdi skipunartímann til 31. desember 2018 á meðan verið er að endurskoða stefnu um námsgögn og þar með talið starfsumhverfi sjóðsins.

Eftirtaldir skipa stjórn Námsgagnasjóðs.

**Aðalmenn:**

Guðni Olgeirsson, án tilnefningar, formaður,  
Helga Guðmundsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, varaformaður,  
Guðbjörg Ragnarsdóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands.

**Varamenn:**

Marta Guðrún Skúladóttir, án tilnefningar,  
Nanna Kristín Christiansen, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,

Kristinn Breiðfjörð, tilnefndur af Kennarasambandi Íslands.

Samkomulag um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var undirritað 5. október 2011. Eitt af þeim verkefnum sem samkvæmt samkomulaginu færðust frá ríki til sveitarfélaga var fjármögnun og rekstur Námsgagnasjóðs. Umsýsla sjóðsins, sem frá stofnun sjóðsins hafði verið hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, færðist við undirritun samkomulagsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Starfsmenn sjóðsins eru Klara E. Finnbogadóttir og Valgerður Freyja Ágústsdóttir. Umsýslukostnaður greiðist af ráðstöfunarfé sjóðsins.

Þann 31. október 2016 var reglugerð um Námsgagnasjóð nr. 1111/2007 felld úr gildi og við tóku nýjar [úthlutunarreglur Námsgagnasjóðs nr. 899](#) (sjá fylgiskjal 1). Helstu breytingar með tilkomu úthlutunarreglnanna eru að:

- Grunnskólar þurfa ekki lengur að skila inn skilagrein til sjóðsins. Vefgáttinni <http://namsgagnasjodur.is> hefur verið lokað. Af þeim sökum er ekki hægt að birta lengur í ársskýrslu upplýsingar um hvaða námsefni skólar kaupa fyrir framlag frá sjóðnum.
- Ábyrgð á eftirfylgd með ráðstöfun fjármagns úr sjóðnum er færð til rekstraraðila grunnskóla, þ.e.a.s. þeim er ætlað að fylgjast með því að grunnskólar nýti fjármagnið samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins.
- Námsgagnasjóður getur kallað eftir gögnum um ráðstöfun úthlutunarfjár frá rekstraraðilum grunnskóla. Komi í ljós við eftirlit að grunnskóli hafi ráðstafað fjármunum úr Námsgagnasjóði til annars en heimilað er í úthlutunarreglum sjóðsins getur stjórn sjóðsins krafist endurgreiðslu.
- Hér eftir verða greiðslur fyrir hvern grunnskóla, óháð rekstrarformi, inntar af hendi til rekstraraðila í septembermánuði ár hvert.

Námsgagnasjóður tilkynnti þessar breytingar til sveitarfélaga/rekstraraðila grunnskóla, skólaskrifstofa og grunnskóla með bréfi, dags. 16. nóvember 2016, og tölvupósti, dags. 17. nóvember 2016.

Fjármunum sem eru til ráðstöfunar á ári hverju, að frátöldum umsýslukostnaði, er úthlutað til grunnskóla til námsgagnakaupa. Hlutdeild hvers grunnskóla ræðst af nemendafjölda á grundvelli nýjustu upplýsinga frá Hagstofu Íslands um fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla. Grunnskólar með 150 nemendur eða færri fá reiknað álag á hvern nemanda.

Samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins er grunnskólum einungis heimilt að ráðstafa fjármunum úr Námsgagnasjóði til kaupa á námsgögnum frá lögaðilum öðrum en Menntamálastofnun og skulu námsgögnin samrýmast markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Óheimilt er að verja fjármunum úr Námsgagnasjóði til búnaðar- og tækjakaupa. Rekstraraðilar grunnskóla bera ábyrgð á að fylgjast með því að grunnskólar nýti fjármagnið samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins.

Samkvæmt 5. gr. úthlutunarreglna Námsgagnasjóðs getur sjóðurinn kallað eftir gögnum um ráðstöfun úthlutunarfjár frá rekstraraðilum grunnskóla. Starfsmenn sjóðsins sendu rafræna

spurningakönnun til fjögurra sveitarfélaga, dags. 15. ágúst 2017, þar sem spurt var hvort fjárveiting sjóðsins hafi skilað sér óskert til grunnskóla sveitarfélagsins og hver kostnaður sveitarfélagsins (brúttó) vegna námsgagnaþinga fyrir skólaárið 2016-2017 var. Ítrekun var send 5. september sama ár. Lítil viðbrögð voru við könnun og því erfitt að leggja mat á niðurstöðurnar. Af þeim sökum var ákveðið að snúa sér beint að grunnskólunum. Óskað var eftir því að grunnskólarnir þrjú á Fljótsdalshéraði gerðu grein fyrir því fjármangi sem þeir fengu úthlutað úr sjóðnum 2017 í þar til gerðu Excel-skjali. Einn skólinn nýtti styrkinn í kaup á Skólavefnum, annar skólinn til kaupa á vefnum 123skóli og kennslubókum frá Krass og Iðnú og þriðji skólinn til kaupa á kennslubókum, vefsíðum og forritum. Hafa skal í huga að ekki er hægt að draga ályktun um notkun fjármuna Námsgagnasjóðs út frá þessum gögnum þar sem skólar eyða mun meiri fjármunum í kaup á námsgögnum en þeir fá úthlutað úr sjóðnum og geta því aðeins gert grein fyrir brot af því í skilgrein til Námsgagnasjóðs.

Heildartekjur sjóðsins árið 2017 voru 54 m.kr. af þeirri upphæð var rúmum 53 m.kr. úthlutað til grunnskóla landsins (sjá fylgiskjal 2) fyrir skólaárið 2017-2018. Annar kostnaður var upp á tæpa 1 m.kr. þar inni er kostnaður við hýsingu heimasvæðis og gagnagrunns, skrifstofukostnaður og kostnaður vegna starfsmanna. Þann 1. febrúar 2018 var vefsíðunni namsgagnasjodur.is lokað.

Reykjavík, 13. september 2018

f.h. stjórnar Námsgagnasjóðs

  
Guðni Ólgeirsson, formaður

Fylgiskjal 1: Úthlutunarreglur Námsgagnasjóðs nr. 899/2016

ÚTHLUTUNARREGLUR  
Námsgagnasjóðs.

1. gr.

Hlutverk Námsgagnasjóðs er að leggja grunnskólum til fé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn, sbr. 6. gr. laga um námsgögn nr. 71/2007.

2. gr.

Fjármunum sem eru til ráðstöfunar á ári hverju, að frátöldum umsýslukostnaði, er úthlutað til grunnskóla til námsgagnakaupa. Hlutdeild hvers grunnskóla ræðst af nemendafjölda á grundvelli nýjustu upplýsinga frá Hagstofu Íslands um fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla.

Grunnskólar með 150 nemendur eða færri fá reiknað álag á hvern nemenda sem hér segir:

- a. 1-50 nemendur fá 20% hærri úthlutun.
- b. 51-100 nemendur fá 10% hærri úthlutun.
- c. 101-150 nemendur fá 5% hærri úthlutun.

Stjórn Námsgagnasjóðs hefur eftirlit með framkvæmd úthlutunar. Ákvörðun um úthlutun er endanleg og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

3. gr.

Greiðsla fyrir hvern grunnskóla, óháð rekstrarformi, er innt af hendi til rekstraraðila í septembermánuði ár hvert. Rekstraraðilar grunnskóla fylgjast með því að grunnskólar nýti fjármagnið samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins.

4. gr.

Grunnskólum er einungis heimilt að ráðstafa fjármunum úr Námsgagnasjóði til kaupa á náms-gögnum frá lögaðilum öðrum en Menntamálastofnun og skulu námsgögnin samrýmast markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Óheimilt er að verja fjármunum úr Námsgagnasjóði til búnaðar- og tækja-kaupa.

Grunnskólum er heimilt að færa óráðstafað úthlutunarfé á milli skólaára.

5. gr.

Námsgagnasjóður getur kallað eftir gögnum um ráðstöfun úthlutunarfjár frá rekstraraðilum grunnskóla. Komi í ljós við eftirlit að grunnskóli hafi ráðstafað fjármunum úr Námsgagnasjóði til annars en heimilað er í úthlutunarreglum þessum getur stjórn sjóðsins krafist endurgreiðslu.

6. gr.

Umsýslukostnaður skal greiddur af ráðstöfunarfé sjóðsins til að standa undir rekstri hans. Umsýslukostnaður skal að hámarki vera 3% af ráðstöfunarfé sjóðsins ár hvert.

Umsýsluaðili skal birta á vef upplýsingar um starfsemi sjóðsins.

7. gr.

Úthlutunarreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 6. gr. laga um námsgögn nr. 71/2007 og öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 17. október 2016.*

**Illugi Gunnarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Karitas H. Gunnarsdóttir.*

Fylgiskjal 2: Úthlutun úr Námsgagnasjóði skólaárið 2017-2018

Úthlutun úr Námsgagnasjóði skólaárið 2017-2018

Sveitarfélag	Grunnskóli	Upphæð
Reykjavíkurborg	Brúarskóli	42.408
Reykjavíkurborg	Klettaskóli	141.007
Reykjavíkurborg	Klébergsskóli	145.954
Reykjavíkurborg	Hamraskóli	164.508
Reykjavíkurborg	Húsaskóli	202.616
Reykjavíkurborg	Ártúnsskóli	217.930
Reykjavíkurborg	Dalskóli	242.668
Reykjavíkurborg	Selásskóli	267.406
Reykjavíkurborg	Vogaskóli	356.934
Reykjavíkurborg	Laugalækjarskóli	364.002
Reykjavíkurborg	Grandaskóli	368.714
Reykjavíkurborg	Fellaskóli (Reykjavík)	386.384
Reykjavíkurborg	Fossvogsskóli	406.410
Reykjavíkurborg	Breiðagerðisskóli	451.174
Reykjavíkurborg	Vesturbæjarskóli	453.530
Reykjavíkurborg	Kelduskóli	459.420
Reykjavíkurborg	Réttarholtsskóli	471.200
Reykjavíkurborg	Ingunnarskóli	479.446
Reykjavíkurborg	Austurbæjarskóli	482.980
Reykjavíkurborg	Breiðholtsskóli	505.362
Reykjavíkurborg	Háteigsskóli	512.430
Reykjavíkurborg	Ölduselsskóli	535.990
Reykjavíkurborg	Sæmundarskóli	546.592
Reykjavíkurborg	Hlíðaskóli	565.440
Reykjavíkurborg	Vættaskóli	571.330
Reykjavíkurborg	Hólabrekkuskóli	578.398
Reykjavíkurborg	Foldaskóli	580.754
Reykjavíkurborg	Háaleitisskóli	591.356
Reykjavíkurborg	Hagaskóli	612.560
Reykjavíkurborg	Rimaskóli	616.094
Reykjavíkurborg	Laugarnesskóli	636.120
Reykjavíkurborg	Norðlingaskóli	698.554
Reykjavíkurborg	Árbæjarskóli	742.140
Reykjavíkurborg	Langholtsskóli	757.454
Reykjavíkurborg	Melaskóli	765.700
Reykjavíkurborg	Seljaskóli	765.700
Reykjavíkurborg	Reykjavík International School	19.790
Reykjavíkurborg	Suðurhlíðarskóli	50.890
Reykjavíkurborg	Tjarnarskóli	60.785
Reykjavíkurborg	Waldorfskólinn Sólstafr	81.635
Reykjavíkurborg	Barnaskóli Hjallastefnunnar Reykjavík	169.455
Reykjavíkurborg	Skóli Ísaks Jónssonar	232.066
Reykjavíkurborg	Landakotsskóli	239.134

<b>Sveitarfélag</b>	<b>Grunnskóli</b>	<b>Upphæð</b>
Kópavogsbær	Kópavogsskóli	388.740
Kópavogsbær	Smáraskóli	458.242
Kópavogsbær	Snælandsskóli	510.074
Kópavogsbær	Lindaskóli	557.194
Kópavogsbær	Vatnsendaskóli	649.078
Kópavogsbær	Kársnesskóli	665.570
Kópavogsbær	Salaskóli	683.240
Kópavogsbær	Álfhólsskóli	784.548
Kópavogsbær	Hörðuvallaskóli	1.017.792
Kópavogsbær	Waldorfskólinn Lækjarbotnum	98.481
Seltjarnarnesbær	Grunnskóli Seltjarnarness	600.780
Garðabær	Sjálandsskóli	334.552
Garðabær	Álftanesskóli	515.964
Garðabær	Flataskóli	578.398
Garðabær	Garðaskóli	585.466
Garðabær	Hofsstaðaskóli	629.052
Garðabær	Alþjóðaskólinn á Íslandi	94.593
Garðabær	Barnaskóli Hjallastefnunnar á Vífilstöðum	124.397
Hafnarfjarðarkaupstaður	Hvaleyrarskóli	446.462
Hafnarfjarðarkaupstaður	Setbergsskóli	468.844
Hafnarfjarðarkaupstaður	Öldutúnsskóli	613.738
Hafnarfjarðarkaupstaður	Áslandsskóli	616.094
Hafnarfjarðarkaupstaður	Lækjarskóli	626.696
Hafnarfjarðarkaupstaður	Víðistaðaskóli	822.244
Hafnarfjarðarkaupstaður	Hraunvallaskóli	1.049.598
Hafnarfjarðarkaupstaður	Framsýn - menntun	52.303
Hafnarfjarðarkaupstaður	Barnaskóli Hjallastefnunnar við Hjallabraut	123.101
Mosfellsbær	Krikaskóli	132.348
Mosfellsbær	Lágafellsskóli	837.558
Mosfellsbær	Varmárskóli	903.526
Reykjanesbær	Háaleitisskóli (Reykjanesbæ)	216.752
Reykjanesbær	Myllubakkaskóli	385.206
Reykjanesbær	Njarðvíkurskóli	446.462
Reykjanesbær	Heiðarskóli (Reykjanesbæ)	488.870
Reykjanesbær	Holtaskóli	518.320
Reykjanesbær	Akurskóli	570.152
Grindavíkurbær	Grunnskóli Grindavíkur	553.660
Sandgerðisbær	Grunnskólinn í Sandgerði	298.034
Sveitarfélagið Garður	Gerðaskóli	247.380
Sveitarfélagið Vogar	Stóru-Vogaskóli	222.642
Akraneskaupstaður	Brekkubæjarskóli	527.744
Akraneskaupstaður	Grundaskóli	728.004
Hvalfjarðarsveit	Heiðarskóli (Leirársveit)	120.509
Borgarbyggð	Grunnskóli Borgarfjarðar	220.286
Borgarbyggð	Grunnskólinn í Borgarnesi	346.332

<b>Sveitarfélag</b>	<b>Grunnskóli</b>	<b>Upphæð</b>
Grundarfjarðarbær	Grunnskóli Grundarfjarðar	103.664
Stykkishólmsbær	Grunnskólinn í Stykkishólmi	183.061
Eyja- og Miklaholtshreppur	Laugargerðisskóli	22.618
Snæfellsbær	Grunnskóli Snæfellsbæjar	287.432
Dalabyggð	Auðarskóli	117.918
Bolungarvíkurkaupstaður	Grunnskóli Bolungarvíkur	163.271
Ísafjarðarbær	Grunnskóli Öndarfjarðar	26.858
Ísafjarðarbær	Grunnskólinn Þingeyri	40.994
Ísafjarðarbær	Grunnskólinn Suðureyri/Suðureyrarskóli	60.785
Ísafjarðarbær	Grunnskólinn á Ísafirði	401.698
Reykholahreppur	Reykholaskóli	69.266
Tálknafjarðarhreppur	Grunnskólinn á Tálknafirði	55.130
Vesturbyggð	Grunnskóli Vesturbyggðar	155.849
Súðavíkurreppur	Súðavíkurskóli	28.272
Árneshreppur	Finnbogastaðaskóli	9.895
Kaldrananeshreppur	Grunnskólinn á Drangnesi	11.309
Strandabyggð	Grunnskólinn á Hólmavík	72.565
Sveitarfélagið Skagafjörður	Grunnskólinn austan Vatna	93.298
Sveitarfélagið Skagafjörður	Varmahlíðarskóli	144.717
Sveitarfélagið Skagafjörður	Árskóli	394.630
Húnaþing vestra	Grunnskóli Húnaþings vestra	178.114
Blönduósibær	Grunnskólinn á Blönduósi/Blönduskóli	155.849
Sveitarfélagið Skagaströnd	Höfðaskóli	114.030
Húnavatnshreppur	Húnavallaskóli	69.266
Akureyrarkaupstaður	Grunnskólinn í Grímsey/Grímseyjarskóli	9.895
Akureyrarkaupstaður	Grunnskólinn í Hrísey/Hríseyjarskóli	21.204
Akureyrarkaupstaður	Hlíðarskóli	28.272
Akureyrarkaupstaður	Oddeyrarskóli	223.820
Akureyrarkaupstaður	Glerárskóli	360.468
Akureyrarkaupstaður	Naustaskóli	425.258
Akureyrarkaupstaður	Giljaskóli	462.954
Akureyrarkaupstaður	Síðuskóli	470.022
Akureyrarkaupstaður	Lundarskóli	544.236
Akureyrarkaupstaður	Brekkuskóli	592.534
Norðurþing	Grunnskólinn á Raufarhöfn	14.136
Norðurþing	Öxarfjarðarskóli	35.340
Norðurþing	Borgarhólsskóli	340.442
Fjallabyggð	Grunnskóli Fjallabyggðar	240.312
Dalvíkurbyggð	Árskógsskóli - grsk hluti	21.204
Dalvíkurbyggð	Dalvíkurskóli	257.982
Eyjafjarðarsveit	Hrafnagilsskóli	185.535
Hörgársveit	Þelamerkurskóli	92.002
Svalbarðsstrandarhreppur	Valsárskóli	70.680
Grýtubakkahreppur	Grenivíkurskóli	67.853
Skútustaðahreppur	Reykjahlíðarskóli	50.890



<b>Sveitarfélag</b>	<b>Grunnskóli</b>	<b>Upphæð</b>
Þingeyjarsveit	Stórutjarnaskóli	57.958
Þingeyjarsveit	Þingeyjarskóli	81.635
Langanesbyggð	Grunnskólinn á Bakkafirði	9.895
Langanesbyggð	Grunnskólinn á Þórshöfn	85.523
Seyðisfjarðarkaupstaður	Seyðisfjarðarskóli	76.452
Fjarðabyggð	Grunnskólinn á Stöðvarfirði	25.445
Fjarðabyggð	Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar	121.805
Fjarðabyggð	Grunnskólinn á Eskifirði	179.351
Fjarðabyggð	Grunnskóli Reyðarfjarðar	186.124
Fjarðabyggð	Nesskóli	253.270
Vopnafjarðarhreppur	Vopnafjarðarskóli	112.735
Borgarfjarðarhreppur	Grunnskóli Borgarfjarðar eystri	5.654
Breiðdalshreppur	Grunnskólinn í Breiðdalshreppi	22.618
Djúpavogshreppur	Grunnskóli Djúpavogs/Djúpavogsskóli	81.635
Fljótsdalshérað	Brúarásskóli	55.130
Fljótsdalshérað	Fellaskóli (Fellabæ)	129.875
Fljótsdalshérað	Grunnskólinn Egilsstöðum og Eiðum/Egilsstaðaskóli	417.012
Sveitarfélagið Hornafjörður	Grunnskólinn í Hofgarði	15.550
Sveitarfélagið Hornafjörður	Grunnskóli Hornafjarðar	287.432
Vestmannaeyjabær	Grunnskóli Vestmannaeyja	606.670
Sveitarfélagið Árborg	Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	150.902
Sveitarfélagið Árborg	Vallaskóli	627.874
Sveitarfélagið Árborg	Sunnulækjarskóli	726.826
Mýrdalshreppur	Grunnskóli Mýrdalshrepps/Víkurskóli	70.680
Skaftárhreppur	Kirkjubæjarskóli	60.785
Rangárþing eystra	Hvolsskóli	268.584
Rangárþing ytra	Laugalandsskóli í Holtum	98.481
Rangárþing ytra	Grunnskólinn á Hellu	154.613
Hrunamannahreppur	Flúðaskóli	120.509
Hveragerðisbær	Grunnskólinn í Hveragerði	384.028
Sveitarfélagið Ölfus	Grunnskólinn í Þorlákshöfn	253.270
Grímsnes- og Grafningshreppur	Kerhólsskóli	60.785
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Þjórsárskóli	65.026
Bláskógabyggð	Bláskógaskóli - Laugarvatni	67.853
Bláskógabyggð	Bláskógaskóli - Reykholti	93.298
Flóahreppur	Flóaskóli	129.580